

# VANDAMÁL VIÐ ÚRKOMUMÆLINGAR Á ÍSLANDI

Flosi Hrafn Sigurðsson  
*Veðurstofu Íslands*  
Bústaðavegi 9, 108 Reykjavík

Áður en ég hef að fjalla um vandamál við úrkumumælingar og vík að þversögn þeirri sem felst í niðurstöðum úrkumumælinga og rennslismælinga á landinu vil ég flytja Sigurjóni Rist sérstakar þakkir og kveðjur Veðurstofu Íslands og veðurstofustjóra fyrir langt og ágætt samstarf. Það eru nú full 40 ár frá því þessi samvinna hófst með Sigurjóni og Veðurstofunni um úrkumumælingar á hálandi landsins og allar götur síðan hefur hún verið með miklum ágætum.

Úrkumumælirinn er elst þeirra mælitækja sem notuð eru í veðurfræðinni og sögu hans má rekja meira en 2000 ár aftur í tímann. Í meira en 200 ár hafa menn þekkt ýmsa vankanta mælisins og glímt við að bæta mæliaðferðina. Þótt margt hafi áunnist eru úrkumumælingar enn mjög miklum vanda bundnar í vindasönum löndum á norðurhjara heims.

Á suðlægum slóðum, þar sem úrkoma fellur öll sem regn eða úði, er unnt að nota úrkumumæla með op lágt yfir jörðu eða jafnvel í jarðhæð. Algengt er að mælishæð sé um 30 cm. Í snjóalöndum eru slíkir mælar ónothæfir, bæði vegna að þá mundi oft fenna í kaf og eins vegna skafrénnings sem trufla myndi mælingarnar og gera þær ómarktækar. Vindhraði og iðustreymi loftsins fer hins vegar mjög vexandi þegar hærra kemur frá yfirborði jarðar og veldur það miklum vandkvæðum við úrkumumælingar á vindasönum stöðum, einkanlega þegar úrkoman fellur sem snjór, sem auðveldlega getur þyrlast yfir og uppúr úrkumumæli. Sérstakar vindhlífar eru viða notaðar til að draga úr þessu vandamáli, en þær koma þó að mjög takmörkuðu gagni.

Á Íslandi er algengt að op úrkumumæla í byggð sé í 1.5 m hæð yfir jörðu, en sums staðar á snjóþungum stöðum er mælishæð þó 2 m eða jafnvel rúmlega það. Engu að síður kemur stöku sinnum fyrir að mæla fennir í kaf. Í óbyggðum og á hálandi eru notaðir úrkumusafnmælar, en op þeirra er yfirlieft hér á landi á bilinu 3.5 - 5.0 m yfir jörðu.


Sem sýnishorn af íslenskum úrkumumælum má á mynd 1 sjá úrkumumæli í jarðhæð, venjulegan úrkumumæli með vindhlíf og úrkumusafnmæli við hús Veðurstofunnar í Reykjavík, en á mynd 2 má sjá úrkumumæla við veðurstöðina á Hveravöllum á Kili. Á mynd 3 er hins vegar reynt að sýna vindstreymi við op úrkumumælis og truflandi áhrif mælisins á streymið. Myndin er byggð á tilraunum í vindgöngum en reykur var notaður til að gera loftstrauminn sýnilegan.

Skekkjuvaldar við úrkumumælingar eru margir og þessir helstir:


1. Vindur og truflandi áhrif mælitækisins á vindstreymi.
2. Væting innanverðra mælisveggja og viðloðun við þá.
3. Uppgufun úr mælisbrúsa.
4. Hopp regndropa upp í eða út úr mæli.
5. Skafrenningur.
6. Mælishalli.
7. Smiðagallar.
8. Mannleg mistök við mælingu.

Sá skekkjuvaldur sem fyrst er talinn, vindurinn og truflandi áhrif hans, er langsamlega mikilvægastur á Íslandi, og veldur meginhluta vanhalda á úrkumunni hér.


Annar skekkjuvaldurinn, væting innanverðra



MYND 1. Úrkomumælar við hús Veðurstofunnar í Reykjavík. Næst er úrkomumælir jarðhæð, þá venjulegur úrkomumælir í 1.5 m hæð, en fjarst úrkomusafnmælir.



MYND 2. Úrkomumælar við veðurstöðina á Hveravöllum á Kili.




**MYND 3.** Myndin sýnir vindstreyimi við op úrkomumælis í vindgöngum. Reykur var notaður til að gera loftstrauminn sýnilegan. Iðustreyimi lofts í vindgöngum er yfirleitt minna en úti í náttúrinni og myndin miðast við fremur hægan vind eða  $3.4 \text{ m/s}$ . Myndin er tekin úr grein eftir C.K. Folland í *Instruments and Observing Methods, Report No 25, WMO, Genf 1986*, en hún byggist á tilraunum sem A.C. Robinson gerði í vindgöngum 1968.

mælisveggja og viðloðun við þá, er einnig umtalsverður. Aðrir skekkjuvaldar eru hins vegar ýmist óverulegir við venjulegar aðstæður hér á landi, tilviljanakenndir eða hægt er að halda þeim í skefjum með estirliti. Ég mun því aðcins fjalla um two fyrstu liðina.

En áður skulum við líta á mynd 4 af hlutfallinu milli mælds rennslis og mældrar úrkomu í Noregi samkvæmt korti Reinhardt Søgnen, eins af brautryðendum í norskri vatnafræði.


Nokkuð af úrkomu þeiri sem til jarðar fellur gufar óhjákvæmilega upp áður en hún nær rennslismælistöðum, og hlutfall mælds ársrennslis og ársúrkomu á því að sjálfsögðu yfirleitt að vera minna en einn. Við sjáum á kortinu að þetta er



**MYND 4.** Hlutfall mælds ársrennslis og mældrar ársúrkomu í Noregi samkvæmt athugunum Reinhardt Søgnen. Myndin er tekin úr riti Jakob Otnes og Erik Ræstad: *Hydrologi i praksis*, 1. útgáfu, Oslo 1971.

með eðlilegum hætti í lágsveitum austanfjalls í Noregi, en á mjög stórum hlutum landsins og þá sérstaklega á hálandum svæðum og í Norður-Noregi er mælt ársrennssi miklu meira en mæld meðalársúrkoma. Viða er hlutfallið meira en 1.5 og á stöku stað er það jafnvel meira en 2. Hæsta gildi sem sýnt er á kortinu er 3, en það táknað að mælt meðalrennssi sé þrefold mæld meðalúrkoma ársins. Þessi óþægilega þversögn sýnir ótvíráett að þörf er leiðréttингa og skyringa.

Virkum nú aftur að úrkomumælingum almennt



MYND 5. Úrkumumælir í jarðhæð við hús Veðurstofunnar í Reykjavík.

og aðstæðum á Íslandi sérstaklega.

Að því er regn varðar hafa menn komist að þeirri niðurstöðu að fá megi raunhæfar mælingar, ótruflaðar af vindi, með því að koma úrkumumæli fyrir í gryfju og hafa mælisopið í jarðhæð. Umhverfis mælinn er gryfjunni þá lokað með lödréttum grindum sem draga úr iðustreymi loftsins, en gryfjan hindrar að dropar skvettist inn í mælinn.

Á árunum 1972-1976 voru gerðar alþjóðlegar samanburðarmælingar með regnmælum í jarðhæð og venjulegum regnmælum á 59 stöðum í 22 löndum. Mismunur reyndist á bilinu 0-23% en að meðaltali mældist aðeins um 3% meira í jarðhæð. Flestir mælanna voru á suðlægum og hægvírasösum slóðum og margir voru mjög lágt yfir jörðu, 30 cm eða svo. Staðfestir þetta að víða á suðlægum slóðum eru vindtruflanir á úrkumumælingum tiltölulega smávægilegar. Einna mestur reyndist munurinn hins vegar í Danmörku, en þar var hann 18.3% í Høyer Hohenwarte á sunnanverðu Jótlandi.

Í Reykjavík hefur úrkumumælir í jarðhæð verið í notkun að sumarlagi í allmögum ár. Frá 1975 hefur hann verið við hús Veðurstofunnar að Bústaðavegi 9. Mælirinn er sýndur á mynd 5.

Venjulegur úrkumumælir í 1.5 m hæð er í 5 metra fjarlægð frá jarðmælinum og báðir eru mæl-

arnir á bersvæði. Hlutfallið milli þeirra hefur verið breytilegt frá mánuði til mánaðar og frá ári til árs, enda er það háð vindhraða þegar regnið fellur, dropastærð og úrkumumagni á tímaceiningu. Heildarniðurstaða er sú að á tímabilinu maí - september hefur mælst 21.7% meira í jarðhæð en í 1.5 metra hæð (staðalfrávik mánaðargilda er 3.2%). Minnstur var munurinn í júlí, 18.6%.

Ég hef valið að horfa fram hjá öðrum úrkumumæli í 1.5 m hæð við hús Veðurstofunnar, bæði vegna þess að sá mælir er mun lengra frá jarðmælinum en sá sem ég hef notað og nær húsi Veðurstofunnar. Auk þess mæla aðrir aðilar í þessum mæli en mælinum í jarðhæð, sem gæti valdið misræmi þótt svo ætti raunar ekki að vera. Hefði þessi mælir hins vegar verið notaður til samanburðar við jarðmælinn hefði heildarleiðréttингin á tímabilinu maí-september orðið um 4% lægri eða 17.6%. Þessi athugasemd varpar raunar ljósi á hve hér er um örðugt mál að ræða og að niðurstöður verða að teljast grófar.

Á vetrarhelmingi ársins er því miður ekki hægt, vegna skafrennings og snjóa, að nota mæli í jarðhæð á Íslandi og ég hef valið að horfa fram hjá þeim mælingum sem sum ár hafa verið gerðar í október og nóvember vegna hættunnar á að skafrenningur hafi truflað niðurstöður.

Nauðsynlegt er hins vegar að áætla leiðréttningar að vetrarlagi, bæði vegna þess að mun hærri vindhraði fylgir rigningu að vetri en sumri og vegna þess að snjókoma mælist til mikilla muna verr en regn. Vitað er erlendis frá að vanhöld geta jafnvel numið 20-80% af raunverulegri snjókomu og í einstökum veðrum þegar snjóar í hvassviðri og miklu frosti geta vanhöldin jafnvel nálgast 100%.


Í stuttu erindi eru ekki tök á að gera grein fyrir því hvernig ég hef reynt að nálgast líkleg talnagildi leiðréttningar. Ég get aðeins greint frá niðurstöðum en fyrst skulum við líta á nokkrar myndir og töflur af gögnum sem málið varða.

**TAFLA 1.** Meðalvindhraði í Reykjavík og á Hveravöllum við tiltekin veðurskil-yrði. Mælieining: hnútur = 0.515 m/s


Veður á athugunartíma	Reykjavík 1951 - 1980	Hveravellir 1966 - 1980
Súld, lítilsháttar	12.2	14.0
Súld, miðlungs	12.3	17.0
Súld, mikil	9.5	23.5
Rigning, lítilsháttar	15.4	16.8
Rigning, miðlungs	20.1	21.4
Rigning, mikil	21.7	25.6
Slydda, lítilsháttar	15.7	21.9
Slydda miðlungs eða mikil	22.0	28.5
Snjókoma, lítilsháttar	14.0	16.8
Snjókoma, miðlungs	15.3	20.3
Snjókoma, mikil	20.5	23.3
Skúr, lítilsháttar	14.5	17.4
Skúr, miðlungs eða mikil	18.2	18.1
Skúr, mjög mikil	23.5	12.5
Slyddué, lítilsháttar	18.5	23.2
Slyddué, miðlungs eða mikið	25.5	27.8
Snjóél, lítilsháttar	17.5	18.3
Snjóél, miðlungs eða mikið	20.0	23.2

Á myndum 6 og 7 og í töflu 1 eru upplýsingar um meðalvindhraða í Reykjavík og á Hveravöllum í úrkому og þurru veðri. Við sjáum að vindhraði er til verulegra muna hærri þegar úrkoma fellur en í purrviðri og einkum er munurinn mikill að vetrarlagi. Einnig sjáum við að vindhraði er yfirleitt til-tölulega hárr hér á landi, einkanlega að vetrinum og hvassviðrasamara er á Hveravöllum en í Reykjavík. Í töflu 1 sjáum við að til jafnaðar er vindhraði meiri því meiri brögð sem eru að rigningu, slydu eða snjókomu.

Á hálandinu er skafréningur mikið vandamál við úrkumumælingar eins og ljóst má vera af töflu 2 sem sýnir tíðni skafréningars á Hveravöllum á Kili og í Sandbúðum á Sprengisandi. Til samanburðar er sýnd tíðni skafréningars í Reykjavík. Skafréningurinn veldur því að snjór getur í vissum tilvikum




**MYND 6.** Meðalvindhraði í um 10 m hæð í Reykjavík 1951-1980. Súlumar sýna meðalvindhraða í hnútum, í úrkomuveðri, í þurri-viðri og heildarmeðaltal allra athugana, mánuð fyrir mánuð og árið um kring.



**MYND 7.** Meðalvindhraði í 10 m hæð á Hveravöllum 1966-1980, í úrkomuveðri, í þurri-viðri og heildarmeðaltal allra athugana.


flust milli vatnsviða. Fyrir landið í heild veldur hann því að nokkuð af snjókomu tapast til sjávar og kemur því ekki fram í rennsli fallvatna.



MYND 8. Línuritið sýnir hvernig leiðréttigarstuðull fyrir mælt regnmagn breytist með meðalvindhraða í mælishæð og hlutfalli vægs regns (magn minna en eða jafnt og 0.03 mm á mínútu) af heildarúrkому-magni. Myndin er hér tekin úr grein þeiri eftir O. Mendel: Corrections of Measured Precipitation Data and their Application in Central and Eastern Europe, sem birtist í Instruments and Observing Methods, Report No. 25, WMO, Genf 1986, en upprunalega birtist línuritið í grein eftir L.R. Struzer og félaga í sovétska tímaritinu Meteorologia i Gidrologia.

Á myndum 8 til 10 sjáum við nokkur af þeim erlendu línuritum sem ég hef stuðst við til að áætla áhrif vindhraða á leiðréttigarstuðla.

Á mynd 8 eru sýnd áhrif vindhraða í regnmælis-hæð á leiðréttigarstuðul sem margfalda þarf mælt rigningarmagn með til að fá rétta niðurstöðu. Skálínur sýna samhengi vindhraða og leiðréttigarstuðuls og hvernig samhengið er háð því hve mikill



MYND 9. Línuritið sýnir hvernig leiðréttigarstuðull fyrir mælda snjókomu breytist með meðalvindhraða í mælishæð og loftthita. Myndin er hér tekin úr grein þeiri eftir O. Mendel sem vitnað er til í texta við mynd 8, en upprunalega birtist línuritið í grein eftir L.R. Struzer og félaga í sovétska tímaritinu Meteorologia i Gidrologia.


hluti úrkunnar fellur sem vægt regn, magn undir 0.03 mm á mínútu (1.8 mm á klst.). Leiðréttigarstuðullinn vex með vaxandi hlutdeild vægs regns í heildarrigningarmagninu.

Á mynd 9 er á tilsvarandi máta sýnt samhengi leiðréttigarstuðuls og vindhraða í mælishæð í snjókomu. Skálínurnar sýna samhengið og hvernig leiðréttigarstuðullinn vex með vaxandi frosti. Við sjáum að snjókoma mælist því verr, því kaldara sem er.

Á mynd 10 er sýnt hvernig hlutfall mældrar og raunverulegrar snjókomu breytist með vindhraða í 2 m hæð yfir jörð, samkvæmt tilraunamælingum í Valdai í Sovétríkjunum og í Toronto í Kanada.

Ég vek athygli á því að í Reykjavík er vindhraði í 1.5 m hæð ekki fjarri því að vera 6 m/s eða 12 hnútar til jafnaðar yfir árið í úrkumu-veðri.

Á grundvelli þessara og ýmissa annarra gagna



$U$  = vindhraði í 2 m hæð

$a$  = hlutfall mældrar snjókomu með Tretyakov úrkomumæli og raunverulegrar snjókomu

1 = meðaltal samkvæmt mæliniðurstöðum í Valdai í Sovétríkjunum

2 = meðaltal samkvæmt tilraunamælingum í Toronto í Kanada

**MYND 10.** Línuritið sýnir hvernig hlutfall mældrar og raunverulegrar snjókomu breytist með vindhraða í 2 metra hæð. Niðurstöðurnar eiga við mælingar með Tretyakov úrkomumæli. Brotna línan sýnir meðalniðurstöðu samkvæmt tilraunamælingum í Valdai í Sovétríkjunum, en heildregna línan samkvæmt mælingum í Toronto í Kanada. Myndin er tekin úr grein eftir V.S. Golubev: *On the Problem of Actual Precipitation Measurements at the Observation Site, Instruments and Observing Methods, Report No. 25, WMO, Genf 1986.*

hef ég mjög gróft áætlað að vegna vindtruflana sé meðalleiðréttum ársins fyrir regn í Reykjavík 28%, en fyrir snjókomu 80%. Þessar tölur eru svo háar að vissulega væri mikil þörf á beinum og endurteknum mælingum á þeim, en því miður er þar

mjög örðugt um vik. Ekki liggar skipting úrkomumagns í regn og snjó heldur ljóst fyrir vegna þess hve oft úrkoma hér er blönduð að vetrarlagi, það er snjór, slydda og regn fellur sama dag eða á sama mælitímabili. Ég hef því orðið að skipta blönduðu úrkomunni og hef gert það í hlutfalli við magn hreins regns og hreinnar snjókomu í hverjum mánuði. Ég hef svo reiknað heildarleiðréttið vegna vindtruflana yfir árið, og útkoman er 34% í Reykjavík. Strangt tekið miðast sú niðurstaða við árin 1966-1980, en að sjálfsögðu breytist hlutfall regns og snævar í úrkomunni nokkuð frá tímabili til tímabils.

Á Hveravöllum hef ég, aðallega vegna hærri vindhraða, gróft áætlað að tilsvarandi ársleiðréttинг fyrir regn sé 32%, en fyrir snjókomu 100%. Miðað við skiptingu á úrkomumagni 1966-1980 í snjó og regn yrði heildarleiðréttið ársúrkomu vegna winds 63% á Hveravöllum.

Ég kem þá að hinum skekkjuvaldinum, vætingu innanverðra mælisveggja og viðloðun við þá. Viða erlendis er reiknað með að þessi skekkja sé á bilinu 0.1-0.3 mm á úrkomudag, en vissulega er hún háð mælisgerð og heldur meiri að sumri en vetri. Engar athugarir hafa farið fram á íslenska úrkomumælinum en fyrir einfaldleika sakir hef ég gróft áætlað að þessi skekkja sé 0.2 mm á úrkomudag. Raunar tel ég að þar sé um lágmarkstölu að ræða. Talið í hundraðshlutum mældrar úrkomu verður þessi leiðréttið breytileg eftir úrkomumagni. Í Reykjavík er því sem næst um 5% að ræða en um 7% á Hveravöllum, á Akureyri 6% en einungis 2% í Vík í Mýrdal.

Ef við leggjum nú þessar tvær leiðréttið saman fyrir vind og vætingu, þá fæst ársleiðréttið 39% í Reykjavík en 70% á Hveravöllum. Á númerandi úrkomumælistöðum á landinu má á grundvelli þessara talna giska á að leiðréttið séu yfirleitt á bilinu 30-70%. Þessar tölur eru vissulega grófar og óþægilega háar en ég vísa til korts Søgnens af hlutfallinu milli mælds ársrennslis og mældrar ársúrkomu í Noregi. Ennfremur vísa ég til þess að mjög víða er augljóslega æpandi ósamræmi milli mælds rennslis og mældrar úrkomu á Íslandi.

TAFLA 2. Tíðni skafrennings, %.

Veðurstöð	Tegund skafrennings	Meðalvind-hraði í skafr. hnútar													
		Jan.	Febr.	Mars	Apr.	Mai	Júní	Júlí	Ág.	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Árið	
Hveravellir 1966-1980	Lágarenningur	8.9	7.8	8.2	6.1	1.3	0.0	0.0	0.0	0.4	2.7	6.7	8.3	4.2	20.9
	Háarenningur	7.8	6.8	6.8	4.2	0.6	0.0	0.0	0.0	0.2	1.9	5.8	7.0	3.4	28.7
	Skafr. alls	16.7	14.6	15.0	10.3	1.9	0.0	0.0	0.0	0.6	4.6	12.5	15.3	7.6	24.4
Sandbúðir 10.73-06.78	Skafr. alls	23.7	21.3	18.6	12.9	6.1	0.7	0.0	0.2	3.2	12.2	20.4	22.4	11.8	-
Reykjavík 1951-1980	Lágarenningur	1.9	1.2	1.1	0.1	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.1	0.6	1.6	0.5	26.2
	Háarenningur	0.4	0.4	0.5	0.1	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.2	0.5	0.2	32.3
	Skafr. alls	2.3	1.6	1.6	0.2	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.1	0.8	2.1	0.7	27.7

Lágarenningur: Skafrenningar við jörð, en nær ekki í mannhæð og dregur því ekki úr skyggni þar.

Háarenningur: Skafrenningar sem nær svo hátt frá jörð að verulega dregur úr skyggni í mannhæð.

Víkjum þá að úrkumusafnmælum. Vegna stærðar trufla þeir loftstreymið miklu meira en venjulegir úrkumumælar og hæð þeirra frá jörðu, sem er á bilinu 3.5-5.0 m, veldur því að meiri vindur gnauðar um þá. Olíulag er ofan á saltupplausn mælanna til að hindra uppgufun en hugsanlegt er þó að hún sé meiri en í venjulegum mælum.

Ef athugað er hlutfallið milli meðalársúrkomu í safnmæli og í venjulegum úrkumumæli í 1.5 metra hæð, fást upplýsingar um þá leiðréttingu sem leggja þarf við safnmæla umfram venjulega mæla.

Við Veðurstofuhúsið í Reykjavík hefur þessi umframleiðrétti að meðaltali í 15 ár reynst um 17%. Á Hveravöllum þar sem vindhraði er meiri og stærri hluti úrkumunnar fellur sem snjór, þarf hins vegar að meðaltali að leggja 37% við úrkumu mælda í úrkumusafnmæli til að fá úrkumu í venjulegum úrkumumæli í 1.5 m hæð.

Með tilliti til þess hvar úrkumusafnmælar eru nú staðsettir í óbyggðum landsins virðist mér að áætla megi að þessi leiðrétti sé yfirleitt á bilinu 25 - 35%. Hér er um mjög grófa leiðréttingu að ræða og erfitt að meta aðstæður á mælistöðum. Ef til vill mætti því hugsa sér að nota leiðréttingu í þrem flokkum 25, 30 og 35%. Á meginhlændi landsins mætti einnig fyrir einfaldleika sakir hugsa sér að nota eina leiðréttingu, t.d. 1/3 eða 33%.

Línum nú á hvernig leiðréttigar af þessu tagi myndu standast prófun á tveimur íslenskum vatnsvæðum.

Ráðumst fyrst á garðinn þar sem hann er einna


hæstur. Í Skógá neðan við Skógrafoss hefur meðalrennslí árin 1948-1984 reynst 177 l/s á km<sup>2</sup> en það svarar til 5586 mm meðalúrkomu á ári á vatnsviðinu, mun hærri tölu en sést hefur á nokkru úrkumukorti af Íslandi til þessa. Tuttugu og eins árs meðaltal mældrar úrkomu á Skógum 1966-1986 er 2043 mm, og í úrkumusafnmæli í 630 metra hæð hefur meðalúrkomu 13 ára frá 19. október '72 til 19. október '85 reynst 2783 mm, en safnmælir þessi er mjög vel staðsettur miðsvæðis á tiltölulega vel afmörkuðu 34 km<sup>2</sup> vatnsvæði. Mælistáðurinn er merktur á mynd 11, sem sýnir vatnsvið Skógrár ofan rennslismælistáðar.

Augljóst er að þessar úrkumutölur geta á engan hátt óleidréttar skýrt það rennslí sem frá svæðinu mælist. Hér er um þverstæðu eða "paradoks" að ræða eins og svo viða á korti Sognens frá Noregi.

En leggjum nú 33% við til að fá niðurstöðu safnmælisins til hins venjulega úrkumumælakerfis. Við fáum þá 3701 mm. Ef við fórum svo mitt á milli leiðréttigar venjulegs úrkumumælis í Reykjavík og á Hveravöllum, fáum við 55% leiðréttingu til að fá raunverulega úrkumu. Hún væri þá um 5737 mm og við höfum um 150 mm umfram rennslí til að mæta uppgufun.

Pótt tilviljun valdi sjálfsagt talsverðu um að þessar tölur passa svo vel saman, er ljóst að bein mótsögn eða þverstæða er a.m.k. úr sögunni.

Líum á annað dæmi frá Suðurlandi, vatnsvæði Sogsins við Ásgarð. Meðalrennslí þess í 45 ár, 1940-1984, er 102 l/s á km<sup>2</sup> en það samsvarar 3219



**MYND 11.** Vatnsvið Skógár ofan rennslismælistærðar við Skógarfoss. Úrkomusafnmaelirinn á Fimmvörðuhálsi er merktur með ▼.

mm ársúrkomu að meðaltali á svæðinu.

Markús Á. Einarsson veðurfræðingur hefur gert úrkomukort af SV-landi og er það dregið á grundvelli úrkomumælinga án tillits til rennslis. Því miður nær kortið ekki yfir nyrsta hluta vatnsvæðis Sogsins, en ég hef engu að síður notað það til að taka augnmál af meðalúrkому svæðisins samkvæmt úrkomumælingum og niðurstaðan er að hún sé ekki fjarri því að vera 2200 mm. Ef við astur notum leiðréttingu mitt á milli leiðréttингar í

Reykjavík og á Hveravöllum, það er bætum 55% við, verður gróf áætlun okkar um rauverulegt úrkomumagn svæðisins 3410 mm á ári og við höfum 190 mm í uppgufun. Ég vek athygli á að hvergi á vatnsviðinu er á korti Markúsar að finna úrkomutölu sem er jafnhá og meðaltalið samkvæmt rennslismælingum við Ásgarð. Ég hef þó við framlethingu á kortinu gert ráð fyrir að sú tala næðist nyrst á svæðinu.

Ýmis fleiri dæmi má nefna um slíkt ósamræmi milli mælds rennslis og mældrar úrkomu hér á landi. Nefna má að ósamræmi er milli úrkomumælinga við Hvalvatn og rennslismælinga í Botnsá við Hvalvatnsós, og geta má þess að rennslismælingar í Brúará við Efstadalsbrú á árunum 1962-1983 gáfu til kynna meðalrennslíð 173 l/s á km<sup>2</sup> sem samsvarar 5460 mm meðalúrkumu á ári á vatnsviðinu eða litlu minna en mælingarnar í Skógrá gáfu til kynna. Enn mætti sem dæmi vekja athygli á því að meðalrennslí i Merkjá í Fljótshlíð neðan við Gluggafoss hefur verið talið samsvara 110 l/s á km<sup>2</sup> samsvarandi 3472 mm ársúrkomu til jafnaðar á tiltölulega litlu vatnsviði. Til samanburðar má geta þess að meðalúrkoma á Sámsstöðum í Fljótshlíð hefur verið talin 1101 mm á árunum 1931-1960. Þótt rennslíð komi af hálandara svæði er erfitt að fá þessar tölur til að ríma saman.

Við höfum hér tekið dæmi af svæðum þar sem mælt rennslí er mjög mikil. Líttum að lokum að eins á þau svæði í innsveitum norðanlands þar sem mæld úrkoma er minnst á landinu, undir 400 mm. Tilsvarandi mælt rennslí virðist samsvara lítið eitt undir 600 mm, en erfitt er um beinan samanburð þar sem úrkomumælistaðir eru oftast á lægri hlutum vatnsvæða. Þegar haft er í huga að gera þarf ráð fyrir uppgufun sem líklega er óvíða á landinu undir 150-200 mm á ári, virðist þó einsýnt að til bóta væri að leggja við leiðréttingu, sem mér sýnist að gæti verið svipuð eða lítið eitt meiri en í Reykjavík, það er 40-50%. Snjókoma er að vísu meiri hluti í úrkomunni í innsveitum nyrðra en í Reykjavík en á móti kemur að vindhraði er til muna hærri í Reykjavík.

Áður en ég lýk þessari stuttu umsjöllun vil ég taka skýrt fram að leiðrétttingatölur þær sem ég hef

nefnt fyrir úrkomu eru grófar matstölur og fjarri því að vera nákvæmar. Þess er og að gæta, að þær eru meðaltalstölur og að verulegu leyti byggðar á erlendum athugunum með erlendum úrkomumælum. Ljóst er að frekari rannsóknir og samanburð-armælingar eru æskilegar hér á landi, m.a. utan Reykjavíkur, og fram þyrfti að fara markviss athugun á þessu vandamáli í heild.

Að endingu vil ég svo ístreka þakkir og kveðju Veðurstofu Íslands og veðurstofumanna til Sigurjóns Rist.